Tillaga að ályktun um frumvarp til laga um lagareldi.

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026, hvetur atvinnuvegaráðherra til að leggja að nýju fram frumvarp um lagareldi.

Lagareldi, einkum sjókvíaeldi, hefur á síðustu árum vaxið í að verða ein meginstoða íslensks útflutnings, og allar forsendur eru til að það eigi að geta haldið áfram, vaxið og dafnað og tryggt aukna verðmætasköpun. Í atvinnustefnu Íslands til 2035 er sérstök áhersla lögð á lagareldi sem eina af mikilvægustu útflutningsgreinum Íslands og því er mikilvægt að gildandi lagaumgjörð tryggi áframhaldandi vöxt greinarinnar.

Víðtækur stuðningur er við atvinnugreinina á Vestfjörðum og öll heimavinna hefur verið unnin af vestfirskum sveitarfélögum.

Það voru vonbrigði þegar frumvarpið náði ekki fram að ganga á Alþingi í vor. Nú ættu að vera allar forsendur til að koma málinu í gegn með þverpólitískum stuðningi á þingi.

Lagareldi er ein af grunnatvinnugreinum Vestfjarða. Óvissa um lagaumgjörð greinarinnar hefur hamlað fjárfestingu, uppbyggingu og eðlilegri þróun samfélaga á svæðinu.

Þá hvetur Fjórðungsþing innviðaráðherra til að flýta endurskoðun hafnalaga til að skýra betur gjaldtökuheimildir svo betur sé hægt að standa undir kostnaði við rekstur og framkvæmdir hafnamannvirkja.

Fjórðungsþing áréttar efni fyrri umsagnir sveitarfélaga á Vestfjörðum og Fjórðungssambandsins um að við afgreiðslu nýrra laga um lagareldi verði tekið mið af því að greinin er enn í uppbyggingu og gjaldtöku verði stillt í hóf. Þá verði tryggt að tekjur ríkisins af lagareldi skili sér til uppbyggingar innviða í þeim samfélögum þar sem starfsemin fer fram, og að tengd þjónusta ríkisins verði sem mest í sömu samfélögum.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Greinargerð

Lagareldi er grunnstoð í atvinnulífi á Vestfjörðum

Á rúmum áratug hefur lagareldi orðið ein af grunnatvinnugreinum Vestfirðinga. Uppbygging greinarinnar hefur skapað ný störf og laðað fólk að svæðinu og á nú stóran þátt í því að íbúum hefur fjölgað í byggðarlögum þar sem áður ríkti langvarandi fólksfækkun. Vísa má til viðsnúningi í þróun íbúa í Vesturbyggð frá 2010 horft til áratuganna þar á undan og nú einnig þróun í öðrum byggðarlögum á norðanverðum Vestfjörðum. Störfin eru fjölbreytt og

ná frá eldi og vinnslu til flutninga, þjónustu, viðhalds, tækni og rannsókna. Fjölbreytni starfanna eykur möguleika ungs fólks og fjölskyldna til að setjast að á svæðinu.

Stefnumörkun heimafyrir liggur fyrir

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa um árabil hvatt til þess að lagareldinu verði tryggð traust umgjörð. Árið 2021 var gerður samfélagssáttmáli um uppbyggingu fiskeldis.

Strandsvæðaskipulag Vestfjarða frá 2023 gerir ráð fyrir fiskeldi sem einu af grundvallaratriðum í atvinnuuppbyggingu svæðisins. Í Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050 er lagareldi hluti af bláa hagkerfinu, ásamt sjávarútvegi, líftækni og nýtingu sjávarauðlinda. Þá er í Sóknaráætlun Vestfjarða 2025–2029 lögð áhersla á nýsköpun og klasasamstarf í fiskeldi. Heimamenn hafa því mótað sína stefnu. Það sem vantar er heildstæð lagaumgjörð af hálfu ríkisins og ríkið fylgi einnig nýrri atvinnustefnu ríkisstjórnar.

Óvissa hamlar uppbyggingu

Frumvarp um lagareldi var lagt fram árið 2023 og byggði þá á víðtækri greiningu og samráði stjórnvalda. Stjórnvöld voru einnig að svara alvarlegum ábendingum í skýrslu Ríkisendurskoðanda sama ár, á stjórnsýslu og regluverki byggt á lögum um fiskeldi 78/2008 með síðari breytingum m.a. árin 2014 og 2019. Frumvarp um lagareldi í breyttri mynd var lagt var fram á 157. löggjafarþingi en hlaut sömu örlög á Alþingi. Með þessum hætti hefur lagareldi búið við óvissu um rekstrarumhverfi svo árum skipti og ekki mætt hraðri framþróun í greininni.

Burðarþol fiskeldissvæða á Vestfjörðum er metið 82,5 þúsund tonn, en áhættumat erfðablöndunar setur mörk við 64,5 þúsund tonn. Skýr lagarammi er forsenda þess að hægt sé að skipuleggja nýtingu þessara svæða til lengri. Frestun lagasetningar því á ríkan þátt í því að fyrirtæki halda sér höndum í fjárfestingum og sveitarfélög eiga erfitt með að gera áætlanir um innviði, húsnæði og þjónustu. Óvissa um lagaumgjörð er því ekki aðeins mál atvinnugreinarinnar heldur varðar hún búsetuskilyrði, atvinnuþróun og framtíðarsýn heilu samfélaganna.

Tekjur til nærsamfélaga og innviða

Mikilvægt er að ný lög tryggi að hlutdeild nærsamfélaga í tekjum af greininni sé skýr og fyrirsjáanleg með áætlunum um framtíðartekjur fyrirtækja og grundvöll fyrir hóflegri skattlagningu auðlinda. Uppbygging lagareldis kallar á aukin umsvif í höfnum, á vegum, í orkuflutningi og í opinberri þjónustu. Þeim kröfum þurfa sveitarfélögin að geta mætt.

Menntun, rannsóknir og þekkingaruppbygging

Lagareldi skapar tækifæri til að byggja upp þekkingarsetur og sérhæfingu á þeim svæðum þar sem greinin er stunduð. Háskólasetur Vestfjarða vinnur nú að nýrri námsleið á meistarastigi í stjórnun lagareldis í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Menntaskólinn á Ísafirði er tilbúin með nám á framhaldskólastigi á sviði sjókvíaeldis og þar hafa sveitarfélögin bent á fyrirmyndir frá Noregi um fjármögnun náms og aðgang að nýjustu tækni með hlutdeild framhaldsskóla að kennslukvíum og framleiðsluhlutdeild í eldisfiski. Þá hefur verið áréttað að

opinber starfsemi tengd greininni, svo sem eftirlit og rannsóknir, verði byggð upp á þeim landsvæðum þar sem hún fer fram, í samræmi við markmið byggðaáætlunar og laga um Stofnun atvinnuveganna og breytt verkefni Umhverfis og Orkustofnunar við tilfærslu verkefna heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til ríkisins.

Niðurstaða

Lagareldi er orðið burðarás í atvinnulífi og samfélagsþróun á Vestfjörðum. Heimamenn hafa lagt sitt af mörkum með skipulagi, samráði og stefnumörkun. Nú er komið að stjórnvöldum að ljúka sínum hluta með því að leggja fram og afgreiða lög um lagareldi. Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur því atvinnuvegaráðherra til að leggja frumvarpið fram strax á haustþingi 2026 og Alþingi til að ljúka málinu á yfirstandandi löggjafarþingi.